

Makaferð á laugardeginum

Lagt verður af stað frá Fosshóteli Stykkishólmi kl. 13:00. Farið verður með rútu um Stykkishólm og í Bjarnarhöfn þar sem hákarlasafnið verður skoðað. Leiðsögumaður verður Einar Karlsson. Reikna má með að ferðin taki um tvo tíma.

Einar er innfæddur Hólmari og veit manna mest um Hólminn, sögu og þróun. Hann mun ausa úr skálum visku sinnar en mikil saga er í Stykkishólmi og er bæjarstæðið afar sérstakt.

Ferðabjónustubændurnir í Bjarnarhöfn eru fyrir löngu orðnir heimsfrægir á Íslandi og er fáa skemmtilegra að heimsækja en Hildibrand Bjarnason sem mun taka á móti hópnum.

Verð í ferðina er kr. 1700.

Undirbúningsnefnd Snæfellinga